

Hafnarfjarðarbær
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 01. júlí 2016
UST201606-155/K.S.J.
10.04.03

Efni: Tillaga að breytingu á deiliskipulagi flæðigryfja á svæði álvers í Straumsvík.

Vísað er til erindis tæknisviðs og leiðtoga umhverfismála hjá Rio Tinto Alcan er barst 20. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi flæðigryfja á svæði álversins í Straumsvík.

Skipulagssvæðið

Í greinargerð kemur fram að ofangreind breytingartillaga nær annars vegar yfir lagfæringar á uppdráttum og hins vegar til stækkunar á flæðigryfju. Einnig kemur fram að fyrsti áfangi stækkunar verði á vestasta hluta flæðigryfju og rúmtak þess áfanga verði 37.000 m³. Árleg losun á kerbrotum er um 3.000 m³ á ári, svo vinnslutími fyrsta áfanga er því a.m.k. 10 ár skv. greinargerð.

Umhverfisáhrif

Í umhverfisskýrslu kemur fram að strandlengjan þar sem flæðigryfjur eru áætlaðar er nú þegar manngerð, þ.e. eldri flæðigryfjur. Einnig kemur fram í greinargerð og á uppdrætti að breyting verður á strandlengju, en að þar sem svæðið er innan athafnasvæðis álversins verði ekki breytingar á notagildi strandarinnar. Áætlaðar flæðigryfjur eru á skilgreindu iðnaðarsvæði og fram kemur í umhverfisskýrslu að förgunarleiðin er í samræmi við lög og reglugerð um förgun úrgangs.

Í umhverfisskýrslu kemur fram að niðurstöður rannsókna sýni að styrkur PAH-efna við strandlengjuna sé í samanburði við erlenda gagnabanka, lægri eða á svipuðum nótum og hann gerist til mannelis við strendur Evrópu og USA. Einnig kemur fram í umfjöllun um styrk mengandi efna við strandlengjuna við álverið að kvikasilfur, kadmín og blý eru undir mörkum hvað hámarksgildi varðar í kræklingi (fiskmeti).

Vöktun og eftirfylgni

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við stækkun flæðigryfja en tekur undir mikilvægi þess að vöktun á ástandi sjávar verði haldið áfram.

Virðingarfyllt

Kristín S. Jónsdóttir

Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Sverrir A. Jónsson

Sverrir A Jónsson
Sérfræðingur